

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 241/2018

2021/EES/62/20

frá 5. desember 2018

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1129 frá 13. ágúst 2018 um að samþykkja asetamípríð sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1130 frá 13. ágúst 2018 um að samþykkja sýpermetrín sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1131 frá 13. ágúst 2018 um að samþykkja penflúfen sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzz (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/619) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzm. **2018 R 1129:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1129 frá 13. ágúst 2018 um að samþykkja asetamípríð sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjtið. ESB L 205, 14.8.2018, bls. 4).

12zzzzzn. **2018 R 1130:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1130 frá 13. ágúst 2018 um að samþykkja sýpermetrín sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjtið. ESB L 205, 14.8.2018, bls. 8).

12zzzzzo. **2018 R 1131:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1131 frá 13. ágúst 2018 um að samþykkja penflúfen sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (Stjtið. ESB L 205, 14.8.2018, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/1129, (ESB) 2018/1130 og (ESB) 2018/1131, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 205, 14.8.2018, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 205, 14.8.2018, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 205, 14.8.2018, bls. 12.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.